
REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI

1. grein

Íslandsmót í tvímenningi skal haldið árlega.

2. grein

Bæði karlar og konur geta myndað tvímenning. Þátttaka tvímennings er ekki bundin við að báðir aðilar komi úr sama félagi/héraði.

3. grein

Eigi skal leika fleiri en 2 leiki í senn á sama brautarpari í forkeppni og milliriðli.

Forkeppni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 10 tvímenningarnir halda áfram í milliriðill.

Milliriðill

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 6 tvímenningarnir halda áfram í undanúrslit.

Undanúrslit

Allir spila við alla, einföld umferð. Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

- fyrir sigur í leik fást 40 bónusstig
- fyrir jafntefli í leik fást 20 bónusstig
- fyrir 400 – 449 leik fást 10 bónusstig
- fyrir 450 – 600 leik fást 20 bónusstig

Tveir efstu tvímenningarnir komast í úrslit.

Skorið fylgir alla leið nema í úrslitin, þá er allt sett á núll.

Úrslit

Tveir stigahæstu tvímenningarnir leika síðan til úrslita, sá tvímenningur sem er efstur að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir teljast sem hálf stig á hvorn tvímenning. Ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá skal pinnafall ráða.

4. grein

Mótanefnd KLÍ annast undirbúning og framkvæmd keppinnar.

Breytt á formannafundi 29. apríl 2009